

kysti hana, og hét henni því, að alt skyldi verða gert að óskum hennar.

Svo að Kata — hún litla Kata fótbrotna í rúminu — hafði í þetta sinn bestu og skemtilegustu jólin, sem hún nokkurn tíma hafði stuttu æfina sína. Og Dís gleymdi því aldrei, hvað gott það er að gefa með sönnu jóla-hjarta.

Úr *The Illustrated Home Journal*.

TIL AÐ NOTA VIÐ JÓLAGUÐSPJÓNUSTU BARNA.

SPÁDÓMARNIR.

I.

1. *Forstöðumaður*: Fjandskap vil eg setja milli þín og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis (1. Mós. 3, 15).

S.sk.: *Það skal merja þitt höfuð og þú bita þess hæl.*

2. *Forst.*: Af þinni ætt skulu allar þjóðir jarðarinnar blessun hljóta (1. Mós. 22, 18).

S.sk.: *Vegna þess þú hlýddir minni raustu.*

3. *Forst.*: Ekki fer veldisspiran frá Júda, ekki herstjórnarsprotinn frá fótum hans, fyrr en komið er til Síló (1. Mós. 49, 10).

S.sk.: *Og þjóðin mun honum hlýða.*

4. *Forst.*: Drottinn, þinn guð, mun uppvekja þér spámann, kominn af þínu fólki, líkan mér (1. Mós. 18, 15).

S.sk.: *Honum skuluð þér gegna.*

5. *Forst.*: Stjarna uppreunur af Jakob (4. Mós. 24, 17).

S.sk.: *Veldissproti ris hjá Israel.*

6. *Forst.*: Af stofni Ísai mun kvistur fram spretta (Es. 11, 1).

S.sk.: *Og angí uppvaxa af rót hans.*

7. *Forst.*: Þá skal rôtarkvistur Ísai standa sem hermerki fyrir þjóðirnar (Esaj. 11, 19).

S.sk.: *Þær munu leita hans atkvæða og hans bústaður mun dýrðlegur vera.*

8. *Forst.*: Sjá, mey nokkur mun barnshafandi verða, og son fæða (Esaj. 7, 14).